



Borgarráð

Tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði 2022

Umsóknarfrestur um styrki úr Miðborgarsjóði rann út 22. nóvember 2022. Alls bárust 43 umsóknir og sótt var um styrki að fjárhæð 54.784.706 kr.

Lagt er til að eftirfarandi 23 verkefni verði styrkt:

Verkefni	Upphæð
Sveimhugar í Fríkirkjunni	400.000
Reddingakaffi Events	500.000
Hringrásarsafnið - Pilot Project	2.000.000
Don Pasquale	200.000
Ljóð, blóð, læti og blæði – ljóðatónleikar	100.000
Vetrarhátíð ÍMR - fjölmennarleg tónlistar- og danssmiðja	810.000
Ljóðaslamm í Borgarbókasafninu	300.000
Sýningarröð útilistaverka í Höggmyndagarðinum	1.000.000
Flamenco Rímur	200.000
Galleri Kannski	250.000
Viltu business?	250.000
Vatnaviðburðir – Samflot haldið í Sundhöll Reykjavíkur	200.000
RVK Feminist Film Festival	500.000
Fimmtudagurinn langi 2023	940.000
Miðborgin Reykjavík	10.000.000
Fyrirbæri múltí komplex rými: sýningar og viðburðir	1.500.000
Vor í lofti	300.000
Borðspila viðburðir / Borðspilakaffihús	200.000
Strætósinfónían	250.000
Post Sharing Club	600.000
Feima tónleikaröð	400.000
Táknmálsbókaklúbburinn	350.000
Útileikfimi á Kramber pallinum	200.000
Samtals:	21.450.000

Nánari upplýsingar um verkefni eru í meðfylgjandi kynningu.



Reykjavíkurborg

Umsóknir voru metnar í samræmi við skilyrði, markmið og áherslur Miðborgarsjóðs, auk þess sem horft var til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Í samræmi við reglur sjóðsins voru tillögur sendar samstarfshópi um málefni miðborgar til umsagnar og bárust engar athugasemdir. Einnig var leitað álits sérfræðinga hjá menningar- og ferðamálasviði.

Eins og áður segir bárust 43 umsóknir og er hjálagt yfirlit yfir allar innsendar umsóknir.

Í kjölfar staðfestingar borgarráðs verður gengið frá úthlutun og samningum eftir því sem við á í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins og styrkjareglur Reykjavíkurborgar.

Þorsteinn Gunnarsson

borgarritari

Hjálagt:

Yfirlitsskjal / kynning – Tillaga til úthlutunar styrkja úr Miðborgarsjóði 2022

Heildaryfirlit yfir allar innsendar umsóknir sem bárust Miðborgarsjóði 2022. Trúnaðarmál

Miðborgin

Styrkveiting 2022

Miðborgarsjóður
Nóvember 2022



Miðborgarsjóður

Hlutverk Miðborgarsjóðs er að stuðla að því að miðborgin sé áhugaverður og aðlaðandi dvalar og áfangastaður fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. Markmið Miðborgarsjóðs er að stuðla að fjölbreytni í miðborginni og eflingu hennar sem íbúðabyggðar og um leið miðstöðvar verslunar, þjónustu, mannlífs, menningar og stjórnsýslu.

Áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem eru í samræmi við framtíðarsýn og meginmarkmið stefnu í málefnum miðborgar.





Auglýst eftir umsóknum 2. nóvember
Umsóknarfrestur til 22. nóvember

Fleiri sóttu um í ár en fyrri ár.

- **43** umsóknir bárust
- Sótt var um **54.784.706** kr.
- Lagt til að **23** verkefni hljóti styrk
- Úthlutun í ár **21.450.000** kr.





Tillaga að úthlutun úr Miðborgarsjóði Reykjavíkur 2022

Verkefni	Upphæð
Sveimhugar í Fríkirkjunni	400.000
Reddingakaffi Events	500.000
Hringrásarsafnið - Pilot Project	2.000.000
Don Pasquale	200.000
Ljóð, blóð, læti og blæði – ljóðatónleikar	100.000
Vetrarhátíð ÍMR - fjölmennningarleg tónlistar- og danssmiðja	810.000
Ljóðaslamm í Borgarbókasafninu	300.000
Sýningarröð útilistaverka í Höggmyndagarðinum	1.000.000
Flamenco Rímur	200.000
Galleri Kannski	250.000
Viltu business?	250.000
Vatnaviðburðir – Samflot haldið í Sundhöll Reykjavíkur	200.000
RVK Feminist Film Festival	500.000
Fimmtudagurinn langi 2023	940.000
Miðborgin Reykjavík	10.000.000
Fyrirbæri múltí komplex rými: sýningar og viðburðir	1.500.000
Vor í lofti	300.000
Borðspila viðburðir / Borðspilakaffihús	200.000
Strætósinfónían	250.000
Post Sharing Club	600.000
Feima tónleikaröð	400.000
Táknmálsbókaklúbburinn	350.000
Útileikfimi á Kramber pallinum	200.000
	21.450.000 kr.



**... og svo
aðeins nánar
um þessi
verkefni**





Sveimhugar í Fríkirkjunni Tillaga að styrk: 400.000	<p>Tónlistarveisla frá kl 12 á hádegi til miðnættis. Ambient tónlist - róleg og oft tilraunakennd raftónlist - verður í fyrirrúmi, en einnig tónlist í svipuðu mengi.</p> <p>Fegurðin í rólegri tónlist í kyrrð og fallegu umhverfi hefur ótrúlega góð áhrif á fólk og gerir því kleift að gleyma sér og lægðum hversdagsleikans í íslenskum vetri. Sveimhugar vilja kynna Íslendingum betur fyrir því fjölbreytta starfi innan raftónlistarinnar sem dafnar í Reykjavík en á sér ekki jafn mörg heimili og danstónlistin.</p>
Reddingakaffi Events Tillaga að styrk: 500.000	<p>Reddingakaffi er mánaðarlegur viðburður (RVK Tool Library) í samstarfi við Hringrásarsetur Íslands. Hingað getur fólk komið endurgjaldslaust með hluti til viðgerðar og lært að gera við þá. Tilgangurinn er að mennta fólk um endurnýtingu og hvernig gera má við bilaða hluti. Um 35 sjálfboðaliðar eru bakhjarlar Reddingakaffis með margvíslega þekkingu, hvort heldur í fataviðgerðum, raftækja- eða reiðhjólaviðgerðum</p>
Hringrásarsafnið - Pilot Project Tillaga að styrk: 2.000.000	<p>Munasafn, þar sem þú færð muni til láns, hefur efnt til samstarfs við Borgarbókasafnið í Grófinni. Með tilraunaverkefni til fimm mánaða gefst íbúum í 101 tækifæri að nýta sér muni úr safninu og samhliða verður skoðað hvernig best er að standa að slíkum útlánnum. Hver er þörfin og hver er áhuginn á að nýta sér slíka þjónustu?</p>



Don Pasquale

Tillaga að styrk: 200.000

Sviðslistahópurinn Óður neitar að geyma óperur í glerkössum. Þau vilja miklu frekar taka þær upp, hrista af þeim rykið og leika sér að þeim, pota í óskrifaðar reglur og skemmta sér og öðrum. Þau trúa á nálægð við áhorfendur og einlæga túlkun á tungumáli sem áhorfendur skilja.

Markmið hópsins er að halda úti reglulegum óperusýningum sem höfða til breiðs áhorfendahóps. Næsta verkefni hans er gamanóperan Don Pasquale eftir G. Donizetti sem verður frumsýnd í Þjóðleikhúskjallaranum í febrúar 2023, í nýrri íslenskri þýðingu.+D3:E5

Ljóð, blóð, læti og blæði – ljóðatónleikar

Tillaga að styrk: 100.000

Ljóðatónleikar í Hannesarholti undir heitinu „Ljóð, blóð, læti og blæði“ með Maríu Sól Ingólfssdóttur sópransöngkonu og píanóleikaranum Þóru Kristínu Gunnarsdóttur. Stefnt er að tónleikum 18. mars 2023.

Á milli verka verður reynt að varpa ljósi á kjarna hvers ljóðs, þau verða skoðuð með gagnrýnum augum, fundnar tengingar við samtímann og með tónleikagestum verður könnuð feegurð mannsins könnuð og ófullkomleiki hans í allri sinni dýrð. Með þessari nálgun viljum við gefa hlustendum tækifæri á innihaldsríkri upplifun sem vonandi styrkir áhuga og aðgengi þeirra að ljóðasöng.

Vetrarhátíð ÍMR - fjölmenningarleg tónlistar- og danssmiðja

Tillaga að styrk: 810.000

Markmiðið með vetrarhátíð Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) er gefa íbúum miðborgarinnar tækifæri á að lyfta sér upp og fagna að skammdeginu sé að ljúka. Ætlunin er að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá tónlistar- og dansviðburða með áherslu á sköpun og samstarf. Stefnt er að því að viðburðirnar endurspegli sem best þá litríku fjölmenningu sem íbúar miðborgarinnar búa yfir. Einnig er stefnt að því að fá íbúana til að taka þátt í þeim eins og kostur er.

Þannig mun hátíðin auka við mannlíf og fjölmenningu í hverfinu, skýrskota til þess breiða hóps sem í því býr og um leið að efla samhug og samkennd þeirra á meðal. Hátíðin mun fara fram í Spennustöðinni, félags- og menningarmiðstöð íbúa miðborgarinnar og einhverjir viðburðanna verða utanhúss ef veður leyfir.



Ljóðaslamm í Borgarbókasafninu

Tillaga að styrk: 300.000

Keppnin verður kynnt innan skóla og á samfélagsmiðlum. Áhugasömum verður boðið að taka upp stutt myndbrot af ljóðaslammi, ef ske kynni að velja þurfi úr atriðum í keppnina en hámark eru 15 atriði.

Keppnin sjálf fer fram á safnanótt, 3. febrúar 2023 í Borgarbókasafninu Grófinni. Dómnefnd velur þrjú bestu atriðin en í seinni umferð velur salurinn vinningsatriðið.

Sýningarröð útilistaverka í Höggmyndagarðinum

Tillaga að styrk: 1.000.000

Höggmyndagarðurinn í Reykjavík er falin perla í hjarta miðbæjarins og faldar perlur Reykjavíkur eru mikilvægt aðdráttarafl í borginni. Höggmyndagarðurinn er staður sem dýpkar tengsl borgarbúa og ferðafólks við borgarlífið og skilar ánægðari borgarbúum og ferðamönnum.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík ætlar að standa fyrir öflugri sýningarröð í Höggmyndagarðinum að Nýlendugötu 17a. Garðurinn er hluti af Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík en félagið hefur starfrækt vinnustofur og verkstæði fyrir myndlistarmenn á Nýlendugötu 15 síðan 1972. Verkstæðin eru ætluð til smíðar á stórum listaverkum félagsmanna en það hafa verið mestmegnis útilistaverka. Þar er málmsmíðaverkstæði, eldverkstæði, timburverkstæði og keramikofn.

Markmið sýningar verkefnisins er að kynna og efla íslenskt myndlistarlíf með áherslu á skúlpúr formið. Þarna er menningarperla sem er ávallt opin almenningi og fólki sem ferðast til Íslands til þess að kynna sér menningu og listir sem landinn hefur uppá að bjóða. Aðgengi sýninganna er ótakmörkuð en þannig er uppistaða útilistaverka að þau standi gestum til boða á hvaða tíma sem er.



Flamenco Rímur Tillaga að styrk: 200.000	<p>Flamenco sýningar í Máli og Menningu og Gamla Bíó. Einnig verður Flamenco dansnámskeið haldið í Kramhúsinu. Ólíkir menningarheimar sameinast í einstökum Flamenco sýningum. Reynir del Norte í samstarfi við gítarsnillinginn Jeronimo Maya setja upp sýningar þar sem íslenskri tónlist hefur verið blandað saman við Flamenco tónlist á einstakan hátt.</p> <p>Eldheitur dans, tilfinningaþrunginn söngur og suðrænn gítarleikur. Flamenco listamenn á heimsmælikvarða koma fram á sýningunum í samstarfi við Íslendinga.</p>
Galleri Kannski Tillaga að styrk: 250.000	<p>Listamannarekið gallerí í miðbænum með áherslu á að sýna listamenn í minnihlutahópum. Galleríið er ekki rekið í hagnaðarskyni.</p>
Viltu business? Tillaga að styrk: 250.000	<p>Ráðstefna til að virkja borgara af erlendum uppruna og hvetja til frumkvöðlastarfs. Viðburðurinn verður ókeypis og gert er ráð fyrir 150 manns á ráðstefnunum sem stendur í einn dag um hvernig eigi að stofna og reka fyrirtæki á Íslandi. Einnig hvernig standa megi að menningar- og samfélagsviðburðum. Meðal fyrirlesara verða frumkvöðlar úr hópi innflytjenda, fulltrúar sveitarfélaga og skapandi einstaklingar.</p>



Vatnaviðburðir – Samflot haldið í Sundhöll Reykjavíkur

Tillaga að styrk: 200.000

Sótt er um styrk til að bjóða upp á röð viðburða í Sundhöll Reykjavíkur þar sem að áherslan er öll á endurnærandi gleðistundir og samveru í vatni. Viðburðirnir verða unnir í samstarfi við hæfileikafólk á sviði tónlistar, dans og sviðslista.

Verkefnið samtvinnar heilsueflingu og þá sér í lagi andlega heilsu og menningu þar sem að útbúnir verða viðburðir til að slaka og sleppa en einnig lyfta upp andanum. Samflot ganga út á fljótandi og slakandi samverustundir í þyngdarleysi vatnsins í Sundhöll Reykjavíkur á tímabilinu janúar - apríl 2023.

RVK Feminist Film Festival

Tillaga að styrk: 500.000

Hátíðin, sem verður haldin í fjórða sinn 12. - 15. janúar 2023, gefur konum og fólki sem skilgreinir sig út fyrir kynjatvíhyggjuna, vettvang til að sýna kvikmyndaverk sín og kynnast öðru bransafólki. Hátíðin leggur áherslu á að sýna myndir sem fjalla um jaðarsetta hópa eins og málefni litaðra kvenna og hinsegin málefni. Haldnar verða pallborðsumræður um kynbundið ofbeldi, stöðu hinsegin fólks í kvikmyndageiranum og önnur mikilvæg málefni.

Árið 2023 verður hryllingsmyndapema og áhersla á að sýna myndir eftir eldri kvikmyndagerðarkonur, enda er sá hópur nánast ósýnilegur innan kvikmyndageirans. Hátíðin leggur áherslu á að vera aðgengileg öllum, og því er miðaverð lágt á stærstu kvikmyndirnar og gjaldfrjálst á flesta viðburði. Hátíðin er haldin í Bío Paradís, en verður með viðburði líka í Norræna Húsinu og Hótel Marina.



Fimmtudagurinn langi 2023

Tillaga að styrk: 940.000

Samstarfið er áttak í aðgengi að myndlist og gengur út á að auka þjónustu við gesti og bjóða upp á lengri opnunartími sýningarstaða í miðborg Reykjavíkur síðasta fimmtudag hvers mánaðar, á tímabilinu janúar – apríl 2023.

Samstarfsaðilar eru átján í grunninn en nýir sýningarstaðir eru velkomnir. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar tók að sér að leiða verkefnið og hefur haldið utan um dagskrá og kynningu. Ennfremur eru veitingastaðir og barir í nágrenni sýningarstaða hvattir til að vera með tilboð á þessum tilteknu fimmtudögum

Miðborgin Reykjavík

Tillaga að styrk: 10.000.000

Verkefnið er að koma á fót félagi, Miðborgin Reykjavík, hvers tilgangur er að vera vettvangur einstaklinga og fyrirtækja sem starfrækja atvinnurekstur í miðborg Reykjavíkur til að skapa jákvæða upplifun og efla atvinnurekstur, verslun og þjónustu og störf á svæðinu. Félaginu er ekki ætlað að vera málsvari félagsmanna í skipulags- og umferðarmálum.

Undirbúningur að stofnun félagsins hófst í febrúar 2021 með greiningu og tillögu að nýju félagi miðborgarinnar og hvernig samstarfi á milli þess félags og Reykjavíkurborgar gæti verið háttað. Unnin hefur verið ítarleg greining, m.a. með samanburði við sambærileg félög á Norðurlöndunum. Haldnir voru reglulegir fundir með verkefnishóp, rýnifundir með starfsmönnum Reykjavíkurborgar og vinnustofur með hagaðilum. Að mati hagaðila er nauðsynlegt að stofna slíkt öflugt félag rekstraraðila í miðborginni með skýrt hlutverk. Fyrst um sinn ætti félagið að einblína á markaðsstarf og það að vera samráðsvettvangur rekstraraðila og borgaryfirvalda. Með tíð og tíma gæti hlutverkið þróast.

Til þess að verkefnið gangi sem best er mikilvægt að gott skipulag sé á milli félagsins og Reykjavíkur, þ.m.t. hvað varðar skipulag á samstarfi, upplýsingamiðlun og fjármögnun. Félagið hefur þannig breiðan stuðning á meðal atvinnurekstraraðila í miðborg Reykjavíkur og það eru fjölmargir haghafar af félagi sem þessu, ekki einvörðungu þeir sem félagið snertir beint sem eru augljóslega rekstraraðilar og borgaryfirvöld, heldur einnig stóru fasteignafélögin, minni fasteignaeigendur, leikhúsin, Harpa sem og mörg aðildarsamtök að Samtökum atvinnulífsins. Boðað verður til stofnfundar við fyrsta tækifæri.



Fyrirbæri múltí komplex rými: sýningar og viðburðir

Tillaga að styrk: 1.500.000

Um er að ræða sýningaraðir í tveimur ólíkum rýmum innan veggja "multi-komplexins" Fyrirbæris sem er í heild sinni um 1.200 fm. Gallerí á 1. hæð sem er um 55 fm að stærð mun halda 5 sýningar á tímabilinu desember 2022 - lok apríl 2023. Einnig er opin 28 fm gestavinnustofa/sýningarrými í kjallaranum og áætlað er að 5 listamenn vinni þar að innsetningum í 4 vikur í senn og sýni svo afrakstur vinnustofudvalarinnar fyrir almenningi.

Listamenn sem núna starfa í húsinu eru á öllum aldri og spanna allt frá grasrótinni upp í eldri listamenn með langan feril að baki. Fyrirbæri hýsir 25 vinnustofur fyrir listamenn og er til húsa að Ægisgötu 7. Í næsta húsi við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur (MHR) en flestir listamenn Fyrirbæris nýta sér einnig verkstæði MHR til listsköpunar. Verkstæði MHR eru einstök og þekking félagsmanna einnig, enda hefur félagið verið starfrækt síðan á sjötta áratug síðustu aldar og er að verða eitt síðasta vígi listamanna í miðbæ Reykjavíkur.

Vor í lofti

Tillaga að styrk: 300.000

Um er að ræða tónleikaröð í 12 Tónum þar sem fram munu koma ungar og efnilegar tónlistakonur. Gert er ráð fyrir 8 tónleikum, 2 í hverjum mánuði. Þeir munu fara fram á föstudags og laugardags eftirmiðdögum eða á miðvikudagskvöldum eftir því sem við teljum eiga við.

Plötubúðin er sú elsta starfandi og er í hjarta borgarinnar, tónleikarnir okkar eru yfirleitt mjög vel sóttir af nágrönnum, ferðamönnum og fólki sem á leið hjá. Margar af efnilegustu konum okkar hafa komið fram undanfarin ár m.a Gugusar, Cell7, Ásta, Kælan Mikla, Hera, Salóme Katrín, Cyber og Gróa. Allur styrkurinn fer í listamenn við sjáum um allan annan kostnað.



Borðspila viðburðir / Borðspilakaffihús

Tillaga að styrk: 200.000

Við viljum leiða fólk með ólíkan bakgrunn saman í gegnum borðspil. Samskiptin í gegnum áhugamál og leiki ryðja úr vegi menningarlegum hindrunum og sameina fólk sem annars býr í aðskildum félagslegum hringjum innan Reykjavíkur án þess að þurfa tækni. Þetta gerir fólki kleift að eiga samskipti í þægilegu umhverfi. Þetta á sérstaklega við um börn sem eiga náttúrulega samskipti í gegnum leik.

Viðburðirnir verða í janúar til apríl á ýmsum stöðum í miðbæ Reykjavíkur en leggur mögulega grunn að borðspilakaffihúsi til framtíðar. Kennt verður á borðspil bæði á íslensku og ensku.

Strætósinfónían

Tillaga að styrk: 250.000

Lítill hljómsveit (2-3 manns) kemur sér fyrir innan strætisvagns og nýtir hljóð umhverfsins til að gera ferðina að músíkalskri upplifun. Tónlistamennirnir syngja og spila á hljóðfæri svo það rími og raddi við tilkynningarröddina (næsta stopp er...), grunnbassa bílvélarinnar og són og skelli hurðanna er þær opnast og lokast. Unnið er út frá spuna og frumsömdum tónverkum til að gera strætóferðina skemmtilega, upplífandi og fallega. Kallast verkið strætósinfónían eða strætóbandið og yrði e.t.v. flutt nokkrum sinnum á dag í tilteknum strætó.

Post Sharing Club

Tillaga að styrk: 600.000

Post Sharing Club er röð fjölmennningarlegra viðburða sem innihalda vinnustofur og tónleika í janúar, febrúar og mars 2023 á mismunandi stöðum í borginni. Hver viðburður býður upp á þrjár til fjórar vinnustofur sem fara fram yfir daginn, auk svipaðs fjölda tónlistarþátta á kvöldin.



Feima tónleikaröð Tillaga að styrk: 400.000	<p>Kammerklúbburinn Feima er sprottinn upp úr starfi kammersveitarinnar Elju. Feima heldur tónleikaröð í Flóa í Hörpu, þar sem mætast klassísk kammertónlist og önnur tónlistarform.</p> <p>Feima er hugsaður sem vettvangur þar sem kvenkyns tónskáld og flytjendur eru í forgrunni og munu frábærar tónlistarkonur slást í hóp með klassískum hljóðfæraleikurum Elju. Flutt er fjölbreitt dagskrá ýmissa kventónskálda í afslappaðara tónleikaformi og í þægilegu rými Flóa á nýju ári.</p>
Táknmálsbókaklúbburinn Tillaga að styrk: 350.000	<p>Ós Pressan, félagasamtök rithöfunda og skálda sem finna sig á jaðrinum innan íslenskra bókmennta, í samstarfi við Félag heyrnarlausra bjóða upp á Táknmálsbókaklúbb frá janúar 2023 - apríl 2023.</p> <p>Áætlað er að halda fjóra viðburði með fjórum ólíkum höfundum, einn í hverjum mánuði. Félagar í Táknmálsbókaklúbbnum munu lesa bók viðkomandi höfundar og síðan hitta þann höfund þar sem viðkomandi segir frá því hvernig bókin varð til og hægt er að spyrja hana / hann / hán nánar út í eitthvað sem þátttakendum finnst áhugavert að vita. Á öllum viðburðum verða táknmálstúlkar til þess að samskiptin milli höfundar og þátttakenda verði sem best.</p>
Útileikfimi á Kramber pallinum Tillaga að styrk: 200.000	<p>Heilsutengdir viðburðir í mekka Miðborgarinnar. Núvitund og dans undir berum himni á pallinum við Kramber kaffihús. Alls fjórir einstakir tímar sem efla andlega og líkamlega heilsu. Laugardagsgleði í apríl. Dönsum inn í sumarið á pallinum við Kramber.</p>



Úthlutun úr Miðborgarsjóði

Auglýst skal eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári. Þegar umsóknarfrestur er liðinn skal verkefnisstjóri miðborgarmála taka saman upplýsingar um umsóknir sem og tillögur að úthlutun í samráði við borgarritara. Tillögur um úthlutun skulu lagðar fyrir samstarfshóp um málefni miðborgar til umsagnar. Í kjölfarið leggur borgarritari þær fyrir borgarráð til staðfestingar.

reykjavik.is/midborgarsjodur

